

Hugleiðingar um námskrár

Ólafur Páll Jónsson

Erindi hjá Samtökum tónlistarskólastjóra 11. janúar 2013

I

Um námskrá í tónlist, eins og raunar um námskrár yfirleitt, dettur mér í hug að spyrja þriggja spurninga.

- (1) Hvað er námskrá?
- (2) Fyrir hvern eða hverja eru námskrár?
- (3) Til hvers eru námskrár?

Fyrstu spurningunni mætti svara með því að finna til allt það sem kallað er „námskrá“, hvort sem það eru Aðalnámskrár sem Menntamálaráðuneytið gefur út og hefur lagagildi, einstaka skólanámskrár eða námskrár tiltekinna greina. Þegar maður væri búinn að safna þessu saman, þá segði maður einfaldlega: „Þetta eru námskrár“ og væri þar með búinn að svara spurningunni. En þótt slíkt svar sé rétt í vissum skilningi, þá er það ekki endilega hjálplegt. Önnur spurning vaknar óðara:

- (4) Hvað eiga þessir ólíku hlutir sameiginlegt sem gerir það að verkum að þeir eru allir námskrá?

Það stendur kannski ekki á svari. Námskrá fyrir tiltekið skólastig segir til um hvað eigi að gerast á því skólastigi, og námskrá fyrir tiltekinn skóla segir til um hvað eigi að gerast í skólanum, og námskrá fyrir tiltekna námsgrein segir til um hvað á að gera í þeirri námsgrein. En málið er reyndar ekki alveg svo einfalt.

Námskrá í tilteknu fagi getur ýmist tilgreint hvaða viðfangsefni eigi að taka fyrir, eða hvað eigi að koma út úr námi í faginu. Sumar námskrár tilgreina almenn og gjarnan siðferðileg og pólitísk markmið – svo sem samábyrgð og lýðræði – aðrar námskrár

fjalla frekar um afmörkuð og vel skilgreind atriði. Sumt sem tilgreint er í námskrám virðist í senn vera háleit markmið og hversdagslegar starfsreglur. Um þetta síðast-nefnda getum við tekið sem dæmi kröfu aðalnámskráa leik-, grunn- og framhalds-skóla um lýðræði í skóla. Hér lýðræðið í senn almennt og nokkuð háleitt markmið um getu, viðhorf og þekkingu nemenda þegar námi lýkur, en jafnframt einhvers konar viðmið um daglegt starf í skólum. Hvað námskrá er virðist því vera býsna margslungin spurning – alltént eru námskrár af ýmsu tagi.

Víkjum þá að næstu spurningu:

(2) Fyrir hvern eða hverja eru námskrár?

Sumar námskrár eru öðrum þræði tilraun til að kerfisbinda tiltekið starf, samræma vinnu ólíkra einstaklinga og stofnana o.s.frv. Slíkar námskrár eru í senn fyrir þá sem bera ábyrgð á þessum stóru kerfum – t.d. yfirvöld menntamála í tilviki almennra skóla – en auðvitað eru námskrárnar líka fyrir þá sem vinna innan þessara kerfa, þ.e. nemendur og kennara. Þegar nemandi ferðast með sínum bekk frá einu ári til annars, eins og gerist í grunnskólum, þá þarf vissulega að tryggja hæfilega samfellu og forðast óþarfa endurtekningar. Slíkt skipulag auðveldar líka starf kennara, sem verða að geta gert sér einhverja hugmynd um hvar þeir nemendur sem mæta að hausti eru staddir í sínu námi. Námskrár virðast þannig eiginlega vera fyrir alla.

Víkjum þá að þriðju spurningunni:

(3) Til hvers eru námskrár?

Við höfum í raun svarað þessari spurningu að hluta. Námskrár hafa tvennskónar praktísk skipulagsleg hlutverk: Annars vegar er um að ræða jafnvel mjög yfirgripsmikið hlutverk þar sem námskrár þjóna þeim tilgangi að koma reglu á stór og sumpart sundurlaus kerfi, og auðvelda nemendum að fara á milli kerfa, hvort sem um er úr einum skóla í annan eða landa á milli. Hins vegar þjóna námskrár gjarnan mun afmarkaðra hlutverki þar sem þær t.d. hjálpa kennurum að skipuleggja vinnu

sína frá degi til dags. Hér væri einnig hægt að tala um leiðsagnarhlutverk námskrár þar sem hún veitir kennurum – og jafnvel nemendum líka – leiðsögn um hvernig viðeigandi sé að vinna í skóla.

II

Eins og ég hef lýst námskrám þá má heita að þær séu augljóslega gagnlegar og eiginlega sé fráleitt að efast um gildi þeirra. Sú hefð í námskrárgerð sem nýjar námskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla eru afsprengi af á rætur að rekja til Bandaríkjanna á fyrstu áratugum 20. aldarinnar.¹ Ein áhrifaríkasta bókin frá þessum tíma heitir einfaldlega *The Curriculum* og er eftir mann að nafni John Franklin Bobbit. Í henni segir hann m.a.:

Við höfum sett markið á óljósa menntun, illa skilgreinda tilsögn, þokukennt tal um alhliða þroska einstaklinganna, ótiltekinn siðferðisþroska eða félagslega skilvirkni sem ekki er útfærð í einstökum atriðum ... En sá tími er senn liðinn að menn láti sér duga yfirgripsmikil og illa skilgreind markmið.²

En þótt Bobbit hafi sagt skilið við yfirgripsmikil og illa skilgreind markmið og átt þátt í að móta hefð í námskrárgerð sem nú er ríkjandi á Vesturlöndum, þá er ekki endilega augljóst að sú leið sé sú skynsamlegasta. Innan þessarar hefðar tilgreina námskrár hvernig nemendur skuli breytast við það að stunda tiltekið nám. Fyrir háskólastigið er þetta mjög kerfisbundið og skulu námsmarkmið tilgreind með vísun til þeirrar þekkingar, hæfni og leikni sem nemendur eiga að hafa tileinkað sér að námi loknu (svokallað Bologna-ferli). En um þetta má spyrja tvennskonar spurninga:

¹ Sjá grein Atla Harðarsonar, „Ný aðalnámskrá framhaldsskóla og gömul námskrárfræði“.

² Bobbitt, J.F. (1972). *The curriculum*. New York: Arno Press, bls. 41. Tilvitnun er tekin úr grein Atla Harðarsonar, „Ný aðalnámskrá framhaldsskóla og gömul námskrárfræði“, bls. 74.

- (5) Getum við tilgreint fyrirfram hvernig nemendur ættu að breytast með því að stunda tiltekið nám.
- (6) Ættum við að reyna að tilgreina fyrirfram hvernig nemendur ættu að breytast með því að stunda tiltekið nám.

Við ættum held ég að spyrja okkur þessara spurninga í fullri alvöru. Ekki vegna þess að það sé ekki góð hugmynd að hafa samræmd markmið fyrir einstakar námsgreinar, tiltekna skóla eða heilu skólakerfin, heldur vegna þess að þau markmið sem æskilegt er að setja – og sem hægt er að setja – ná ekki endilega til þess sem mestu máli skiptir.

III

Ég er heimspekingur og hef kennt rökfræði, bæði formlega rökfræði og hagnýta. Tilgangurinn með að kenna rökfræði er öðrum þræði sá að nemendur verði betri heimspekingar, hugsi skýrar og forðist villur. En sem kennari verð ég þó að kannast við að þessi háleitu markmið eru ekki á mínu valdi – ekki einu sinni þótt nemendurnir séu bæði klárir og námsfúsir. Ég get kennt þeim tiltekin tæknileg atriði, en ég get ekki gert þá að góðum hugsuðum. Að vera góður hugsuður felur í sér að vera í senn gagnrýninn og skapandi, næmur á blæbrigði kringumstæðna og sanngjarn í rökræðum við aðra.

Einn af kennurum mínum sagði eitt sinn um annan heimspeking: „Hann hefur gott nef fyrir heimspekilegum vandamálum“ og átti þá við að þessi heimspekingur væri einstaklega næmur á spurningar sem reyndust heimspekilega frjóar. Ég er viss um að flestir heimspekikennarar vonast til þess að nemendur þeirra fái gott nef fyrir heimspekilegum vandamálum, en það er ekki á vald nokkurs kennara að sjá til þess að svo verði – ekki einu sinni þótt nemendurnir séu í hæsta máta námsfúsir.

Á svipaðan hátt geri ég ráð fyrir að tónlistarkennari vonist til þess að nemendur hans verði góðir tónlistarmenn, spili af innlifun og næmni, verði skapandi bæði sem höfundar og sem túlkendur verka eftir aðra, o.s.frv. En það er ekki á valdi kennara að

láta nemendur ná þessum markmiðum. Kennarinn getur búið í hagin, stutt nemandann, kennt honum margvíslega tækni sem er nauðsynleg til að ná tökum á tónlistinni, o.s.frv. En það er ekki á valdi kennarans að láta nemandann ná slíku marki.

Þessum vanda má lýsa með einfaldri líkingu. Bóndi þarf að rækta gras en ekkert af því sem bóndinn gerir gæti kallast „að láta grasið vaxa“. Hann getur borið á og jafnvel vökvað í þurrkum, en svo er það undir náttúrunni komið hvort grasið vex. Að vísu er gras einföld lífvera og ekki við því að búast að það komi bóndanum á óvart. Ef skilyrðin eru svipuð í ár og í fyrra, þá má búast við svipaðri sprettu. Einn höfuðkostur góðs túns er að það kemur bóndanum ekki á óvart heldur gefur af sér gras með svipuðum hætti ár eftir ár.

En nemendur eru ekki gras. Meðal þess sem við viljum að menntun leiði til er aukið sjálfstæði í hugsun og gjörðum, frumleiki, sköpunarkraftur og ekki síður sköpunargleði. Þegar skólaganga heppnast vel verður útkoman einmitt þessi. Markmiðum menntunar má þannig lýsa með nokkrum almennum og yfirgripsmiklum orðum, en þessi orð hafa lítið leiðbeiningargildi fyrir kennarann, hvorki um hvaða verkefni hann ætti að leggja fyrir nemendur né um hvað nemendur hans eru færir um eftir að hafa lokið tilteknum áfanga, og þau segja ekkert um það hvernig náminu skuli vinda fram af einu stigi á annað því þau eiga, í vissum skilningi, jafnt við um allt námið en vísa ekki til tiltekins lokaáfanga. Þessi almennu markmið eru frekar einhverskonar leiðarstjórnur en skilgreindir áfangar.³

Af ástæðum eins og þessum hafa menn einmitt gagnrýnt þá námskrárhefð sem ég lýsti áðan og rekja má m.a. til Bobbits á fyrstu áratugum 20. aldarinnar. Kjarnann í gagnrýninni má orða með eftirfarandi hætti:

³ Ég hef þetta orðalag úr grein Atla Harðarsonar „Hugmyndir um námsmarkmið í nýrri Aðalnámskrá framhaldsskóla“.

*Fyrirfram skilgreind námsmarkmið hvorki ná utan um þann veruleika sem skóli er né geta þau tilgreint þau gæði sem af menntun kunna að hljóta.*⁴

Við getum verið sammála þessari gagnrýni án þess að leggja til hliðar markmiðasetningu fyrir skóla. En við verðum að kannast við að fyrirfram skilgreind markmið sem beinlínis er hægt að gera að viðfangsefni í skólum, geta hvorki verið allt sem máli skiptir né það sem mest er um vert. Að því marki sem markmiðin tilgreina það sem mest er um vert, þá verðum við að setta okkur við „þokukennt tal um alhliða þroska einstaklinganna, ótiltekinn siðferðisþroska eða félagslega skilvirkni sem ekki er útfærð í einstökum atriðum“ eins og Bobbit orðaði það á sínum tíma í umkvörtun sinni yfir bandarísku menntakerfi. Og að því marki sem markmiðin eru vel skilgreind, eru leiðbeinandi fyrir nemendur og kennara og miða að því að koma skipulagi á hið margvíslega starf sem á sér stað í skólum, þá varða þau fremur tæknileg og í vissum skilningi léttvæg atriði.

Heimildir

Atli Harðarson. (2012). Hugmyndir um námsmarkmið í nýrri Aðalnámskrá framhaldsskóla. *Skírnir*, 186(1), 215–222.

Atli Harðarson. (2012). Ný aðalnámskrá framhaldsskóla og gömul námskrárfræði. *Uppeldi og menntun*, 21(2), 71–89.

⁴ Sjá grein Atla Harðarsonar, „Ný aðalnámskrá framhaldsskóla og gömul námskrárfræði“. Í þessari grein fjallar Atli m.a. um gagnrýni Josephs Schwab og Lawrence Stenhouse á þá námskrárhefð sem Bobbit of fleiri mótuðu.